

Skýrsla landsliðsþjálfara v HM-2023 í Hollandi.



Þegar árið 2021 gekk í garð var til staðar mjög stór hópur keppnishesta, sem verður oft til eftir LM, sá hópur var búinn að vera sigursæll á mótum hér heima og stefndu knaparnir markvisst á HM2021.

Þegar búið var að blása HM 2021 endanlega af sem voru mikil vonbrigði var ljóst að eigendaskipti urðu á mörgum hestum hér heima í kjölfarið.

Aðstæður sem blöstu við urðu til þess að undirritaður landsliðsþjálfari fór af stað og hafði samband við ákveðna knapa og hesteigendur og íhlutaðist um að halda þeim hestum í þjálfun sem líklegum kandídötum fyrir heimsleikana 2023, tryggja að sala myndi ekki eiga sér stað á viðkomandi hestum án þess að gert yrði samkomulag um afhendingu á þeim eftir HM 2023 ef þeir innu sér rétt til landsliðssetu.

Var landsliðsþjálfari jafnt í sambandi við eigendur hrossanna sem og knapana, bar þetta tilætlaðan árangur sem skilaði sér svo sannarlega með góðum árangri á HM 2023. Þar sem landsliðið byggðist upp á þessum kjarna.

Var landsliðsþjálfari í nánú sambandi við viðkomendur allt fram á lokastundu. Varðandi valið á landsliðinu.

Titilverjendur:

Voru upphaflega 5 eftir glæsilegt gengi á HM 2019 í Berlín, Þýskalandi.

Jóhann R. Skúlason

Konráð Valur Sveinsson

Guðmundur Björgvinsson

Teitur Árnason

Benjamín Sandur Ingólfsson

Landsliðsþjálfari var í sambandi við alla titilverjendur sem voru sjáfskipaðir í liðið, má segja að þeir hlutir hafi snúist á þann veg sem engan hefði órað fyrir.

Án þess að ég ætli að fara út í þá sálma, þá verður aðeins stiklað hér á stóru hvað varðar þeirra aðkomu, má geta þess að þeir **falla alfarið undir** lög og reglur landsliðsins í heild.

Og landsliðsþjálfari ber fulla ábyrgð á þátttöku þeirra í liðinu, fyrir land og þjóð þar sem þeir eru sjáfskipaðir í landsliðshópinn hjá landsliðsþjálfara.

Jóhann R. Skúlason

Upp komu leiðindamál strax í kjölfar „metoo“ byltingarinnar hvað varðar Jóhann R. Skúlason sem dróg afdrifaríkan dilk á eftir sér. Landsliðsknapinn, heimsmeisterinn brást illa við þeim aðgerðum sem fylgdu í kjölfarið. Þar sem landsliðsþjálfari, landsliðsnefnd og stjórn L.H. tóku ákvörðun um að honum yrði vikið úr liðinu.

Í kjölfarið varð sú aðgerð til þess að hans framkoma var með ólíðandi hætti gagnvart landsliðsþjálfara, formanni landsliðsnefndar og formanni LH.

Málaferli:

Má segja að þetta mál hafi hangið yfir okkur með málaferlum, stöðugum fundarhöldum sem hafði alls kyns leiðindi í för með sér og gerðu það að verkum að menn voru að eyða allt of mikilli orku og tíma í þetta mál. Það hefði átt að ýta því strax út af borðinu þar sem niðurstaðan lá þegar fyrir.

Konráð Valur Sveinsson:

Síðan kom upp annað mál með Konráði Vali Sveinssyni. Það mál var af allt öðrum toga, sem varð til þess að honum var vikið út úr landsliðinu. Það verður heldur ekki rakið hér í smáatriðum.

Brotin hans voru talin það alvarleg og í kjölfar framkomu hans í garð landsliðsþjálfara og landsliðsnefndarmanna sem var með slíkum ólíkindum, með aðkomu lögfræðinga, hótana og öðru slíku var það mál heldur ekki til þess að hjálpa til, þar sem það tók allt of mikinn tíma frá okkur og fellur það að sama skapi undir það að verkferlar þurfa að vera enn skýrari, þar sem aðalmálið er að velja heilbrigt og gott landslið en að vera að standa í leiðindafundum, og mannorðsmeiðandi ummælum auk þess sem mikill kostnaður fylgir í kjölfarð fyrir LH. Vísu ég til fundargerða vegna þessara mála.

Landsliðsnefnd:

Verkferlar innan landsliðsnefndar með landsliðsþjálfara þurfa að vera miklu skýrari. Þegar búið er að taka afstöðu sé málinu vísað frá og að aðrir verkferlar taki við t.a.m. lögfræðingur samtakanna og málið sé ekki innan landsliðsnefndar að voma yfir þeim með því að taka málið alltaf upp aftur og aftur þegar brot af þessu tagi eru svo augljós og liggja fyrir.

En þetta mál var ákveðinn lærdómur fyrir okkur sem stóðum í þessu, t.d. með hvaða hætti skal stigið niður með ákvarðanatökum, þannig að málið sé klárað innan nefndar.

Titilverjendur.

Þeir 3 titilverjendur sem eftir stóðu var landsliðsþjálfari í stöðugu sambandi við allt frá árinu 2019 og fylgdist með þeirra starfi og má segja að það hafi verið ýmsar upptækur sem komu upp hvað varðar hestakost og gekk mjög illa fyrir suma þeirra verða sér út um keppnishæfa hesta.

Guðmundur varð fyrir því óláni að hrossið sem hann stílaði á að fara með var í eigu erlends aðila sem tók hestinn af honum seint á árinu 2021 og sendi hann úr landi .

Eftir mikla yfirlegu og leit að nýjum kandidat tókst Gumma ekki að verða sér út um frambærilegan hest í verkefnið. Þar af leiðandi ákvað hann í samstarfi við landsliðsþjálfara að sitja heima.

Benjamín Sandur:

Svipaða sögu má segja um Benjamín Sand hann var búinn að festa sér hest, sem stóð ekki undir væntingum og varð úr að hann útvegaði sér fimmgangshest á lokametrinum.

Teitur Árnason:

Teitur hafði um mörg hross að velja og valdi skeiðhryssu í 100m skeið, mætti með hana og stóð sig frábærlega vel.

Val liðsins:

Ísólfur Líndal Þórisson var starfandi með landsliðsþjálfara sem aðstoðar maður árið 2022 með hléum en lét alfarið af störfum vegna perónulegra aðstæðna um áramótin 2022/2023.

Landsliðsþjálfari var búinn að vera í sambandi s.l. ár við landsliðsknapana með Teams-fundum og jafnframt í persónulegu sambandi til að sjá hverju þeir væru að tefla fram. Enn fremur að fylgjast með öðrum knöpum hvort heldur hér heima eða erlendis.

Þar að auki var ég í sambandi við þá knapa sem taldir voru hér að ofan sem að þjálfari íhlutaðist við val á hestum/pörum sem hugsaðir voru sem kandidatar 2021 á HM og var í ráðum hvar þeim yrði stillt upp í keppnum á árinu 2023.

Úrtökumót fyrir HM 2023

Upp voru gefin 4 WR mót þar sem landsliðsþjálfari var viðstaddur, **Reykjavíkurmót, Íslandsmeistaramót, WR mót Sleipnis og WR mót Geysis.**

Ekki var kvöð frá landsliðsþjálfara til knapanna með að mæta á öll mótin, heldur gátu knapar verið í sambandi við landsliðsþjálfara um hvar þeir legðu áherslu á hvar þeir vildu mæta með sín hross.

Í sumum tilfellum að sleppa að fara í úrslitin eftir forkeppnina ef landsliðsþjálfari teldi parið líklegt að vera komið inn fyrir þröskuldinn í landsliðið og honum til hagsbóta eða skikka þá til að mæta á ákveðin mót þar sem landsliðsþjálfari taldi styrkinn og samanburðinn vera meiri hvað varðar aðra þátttakendur.

Titilverjendur:

Mótin gengu vel fyrir sig og skýrðust línur í meginráttum hægt og bítandi.

Það sem gerði landsliðsþjálfara erfitt fyrir voru titilverjendur sem ekki voru búnir að klára sig með hvaða hest þeir myndu mæta til leiks með. Þegar þetta ferli hófst sem gat breytt myndinni á vali eftir styrkleika titilverjendanna í keppnisgreinunum sem þeir tæku þátt í á HM. Þar af leiðandi þurfti landsliðsþjálfari að draga valið fram á loka stundu.

Þegar ákveðinn hópur kom til álita hvort heldur sem aðalhross eða varahross árangurslega séð, þá var landsliðsþjálfari kominn með hvernig landsliðið yrði uppsett, og voru þá þeir boðaðir í dýralæknisskoðun.

Dýralæknisskoðun:

Nú var sá háttur hafður á að það var tvöföld dýralæknisskoðun sem fór fram.

Fyrri skoðunin fór fram þegar ákveðin hópur var inni í myndinni, með varahestunum, en seinni skoðunin var þegar val á liðinu lá ljóst fyrir.

Þau hross sem voru þegar komin inn og þeir sem komu sterklega til greina. Samt var ekki búið að kunngera neitt lið á þessum tímapunkti.



Stóðust dýralæknaskoðunina

Allir hestar stóðust skoðun og var nú boltinn meira hjá landsliðspjálfa að sjá endanlegt lið í kjölfar þess að titilverjendurnir væru búnir að skila inn með sína þátttöku.

Því miður lá ekki endanleg ákvörðun hjá titilverjendum.

Til glöggvunar var ljóst að erfitt yrði að manna keppnisgreinar t.a.m. T2 slaktaumatölt. Fór því í kjölfarið töluverð vinna í að ræða við eigendur þeirra hesta sem kæmu til greina og staða á titilverjendum. En ekki var búið formlega að gefa kost á þeim sem voru sjónmáli. Þá kom upp að hesteigendur væru ekki með sölu klára á hestunum, væri það forsenda til þátttöku að gripurinn væri kominn með sölu áður en út yrði haldið.

Þar sem verðlagið var með þeim hætti, að mati landsliðspjálfa væri ekki sala í kortunum og jafnframt engir framúrskarandi hestar til staðar til að fylla í það skarð þá var ákveðið að skilja það sæti eftir en í staðinn kæmi inn samanlagður hestur í 5 gangsgreinum sem styrkti bæði 5 gang og möguleikann á samanlögðum sigurvegara.

Kynning á landsliðinu í Öskju:

Fór fram í glæsilegum salarkynnum bílaumboðs Öskju. Aðdragandi og kynningunni á liðinu hafði verið frestað þar sem lokaskráningu á liðinu á HM var ekki runnin upp en nú var komið að stundinni, þann 14 júlí 2023 var A-landsliðið, U21 og kynbótahrossin kynnt.

Valið á liðinu í heild lá fyrir á þessum tímapunkti og fór kynningin fram að viðstöddu fjölmiðlafólki og liðsmönnum sem mættu til leiks í sínum keppnisgalla.

Var þessi kynning glæsileg og hátíðleg í alla staði en gestir hefðu mátt vera fleiri á staðnum

Eftir liðskynninguna komu upp tvær breytingar á A-landsliðinu.



Ingibergur Árnason:

Fyrsta breytingin var sú að Ingibergur Árnason og Sólveig frá Krkjubæ drógu sig út úr liðinu en þau voru valin í skeiðgreinarnar. Við frekari skoðun sem var innt af hendi Dr. M. Rettig okkar trúnaðarlæknis komu fram atriði sem talið var að Sólveig gengi ekki heil heilsu þó svo að hún hafi staðist sömu skoðun og myndatöku hjá dýralækni hérlandis.

Þegar þetta svo lá fyrir og í nánú sambandi við knapann Ingiberg að eðlilegt væri að hann drægi sig út úr liðinu sem var niðurstaðan.

Í hans stað kom Daníel Gunnarsson.

Daníel Gunnarsson

Á síðustu stundu fyrir lokaskráningu var Daníel Gunnarsson og Eining frá Einhamri valin í hans stað. Brást Danni fljótt og vel við og mætti í slaginn á svipstundu.

Páll Hólmarsson:

Hitt málið sem kom upp var að Páll Hólmarsson með Vísi frá Kagaðarhóli sem var valinn inn í T1 tölt. Ljóst var að Páll var ekki með sölu á sínum hesti, og í kjölfarið taldi hann sig ekki geta farið með hann óseldan og var það í okkar samráði að hann dróg sig út úr liðinu, eftir mikla umhugsun hverning best væri að leysa það mál.

Viðar Ingólfsson:

Í stað Palla var valinn inn í liðið Viðar Ingólfsson og Þór frá Stóra-Hofi, þeir voru valdir inn í T1 og V1, 4gangs greinarnar og var þá þar með valið komið á liðinu.

Endanlegt lið til Hollands.



Jóhanna Margrét Snorradóttir á Bárði frá Melabergi: T1, V1 og samanlagður
Sara Sigurbjörnsdóttir og Flóki frá Oddhóli: F1, 5gangur
Elvar Þormarsson og Fjalladís frá Fornusöndum: Gæðingaskeið og skeiðgreinarnar.
Þorgeir Ólafsson og Goðasteinn frá Haukagili: PP1, F1 og T2 og samanlagðan.
Hans Þór Hilmarsson og Jarl frá Þóroddsstöðum: í skeiðgreinar
Daníel Gunnarsson með Einingu frá Einhamri: skeiðgreinar
Viðar Ingólfsson og Þór frá Stóra-Hofi: T1 og V1.

Titilverjendur.

Benjamín Sandur og Júní frá Brúnum: PP1, T1 og F1.
Teitur Árnason og Drottning frá Hömrum: 100m flugskeið

Þetta var endanlegt val á liðinu sem fóru á HM til keppni í Hollandi í A – landsliðinu.

Að sjálfsögðu fór einnig fram kynning á liði U21 hjá Heklu K. Kristinsdóttur sem hún gerir skil í sinni skýrslu.

Val kynbótahrossa:



Val á kynbótahrossunum fór í gegnum RML og skilaði Elsa Albertsdóttir því í okkar hendur. Í kjölfarið var okkur uppálagt að halda utan um alla þá umgjörð sem þau komu til með að þurfa undir okkar liðveislu.

Dýralæknisskoðunum og öllu því sem fylgir sporthestunum og nutu kynbótaknaparnir sömu réttinda og hinir landsliðsknaparnir höfðu þar sem þeir voru hluti af **liðsheildinni** og féllu undir reglupakka landsliðsins.

Fór það allt fagmannlega fram, valinn maður í hverju rúmi.

Kynbótahross:

Jafnframt voru kynnt til leiks 6 kynbóthross frá Íslandi sem héldu utan .

Árni Björn Pálsson fór með Geisla frá Árbæ og Kötlum frá Hemlu.

Jakob Svavar Sigurðsson fór með Hrönn frá Fákshólum.

Teitur Árnason fór með Hersi frá Húsavík.

Þorgeir Ólafsson og Höfði frá Bergi.

Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir fór með Ársól frá Sauðanesi

DÝRALÆKNIR LIÐSINS Dr. Matthias Rettig:



Frá því að undirritaður kom að landsliðinu 1977 og allar götur síðan hafa oftast ekki komið upp vandamál þegar út hefur verið komið með hestana. Hvað heilsu þeirra varðar.

Til að mynda hafa áverkar komið í veg fyrir þátttökurétt eða að hestar hafa fallið í skoðun erlendis sem hefur þó oft vísast til þess að oft á tíðum hafa meiðslin verið undirliggjandi frá því að heiman.

Í ljósi þessa frá því 2019, þar sem hvorki meira né minna en 4 hross liðsins luku ekki keppni eða gátu ekki hafið keppni, sem var/ og er með öllu óásættanlegt.

Í framhaldi af því fór undirritaður á stúfana að leita leiða til að útiloka að upp kæmu slíkar aðstæður aftur þó slíkt gæti maður ekki alfarið séð fyrir.

Í Berlín 2019 var landsliðsþjálfari í sambandi við dýralækni þýska landsliðsins sem er fjölskylduvinnur frá unga aldri. Þurfti ég sem þjálfari landsliðsins að leita til hans án þess að það kæmi nokkurs staðar fram, og sá ég þá hversu mikils virði er að hafa lækni með liðinu á staðnum sem hefur aðgengi að öllum þeim búnaði sem mögulega þyrfti á að halda fyrir keppnishópin og þá ekki síður að láta slíkan mann vera tengdan liðinu frá upphafi, þannig að hann tæki liðið strax út þegar fyrir lægi hverjir væru valdir. Bæði aðalhross sem komu inn og varahrossin.

Átti ég þarna 2019 á staðnum trúnaðarsamtal við Dr. M. Rettig og ræddi við hann um þann möguleika á slíku samstarfi.

Mikill vinskapur er á milli fjöldskyldna okkar og mér til gleði, tók hann þessari bön minni alls ekki illa og þá með hliðsjón að því að koma að þessum störfum árið 2021, en eins og allir vita þá varð ekkert af því móti.

Þegar nær dró **2023** ræddi ég þess hugmynd sérstaklega í landsliðsnefndinni hversu margir kostir lægu að baki því að fá slíkan mann að landsliðinu. Kostirnir voru svo augljósir. Aðili sem er óháður myndi koma og taka landsliðið út hér heima og aftur rétt fyrir brottför, ásamt því að fylgja liðinu á mótstað og vera með allt tiltækt sem dýralæknir og vera með svokallaðan dýraspítala á hjólum til að geta brugðist við ef eitthvað kæmi uppá .

Fékk landsliðsþjálfari samþykki fyrir hugmyndinni og fór í að gera samkomulag við Dr. M. Rettig. Rétt er að geta þess að hann rekur dýralæknþjónustu og er sérmenntaður á sviði hesta og rekur spítala með yfir 30 manna starfslíði og 12 menntaða dýralækna, maður sem er hátt metinn og með hæsta standard á þessu sviði.

Samningar tókust ljúflega við Dr. M. Rettig, tók hann að sér starfið launalaust. Aðeins var greiddur útlagður kostnaður, flug matur og gisting. Kom hann tvisvar sinnum til landsins og skoðaði öll hrossin að viðbættum kynbótahrossunum og í trúnaðarsamkomulagi milli okkar Dr. M. Rettig kæmi upp einhver vafamál sem þörfuðust einhverrar sérmeðhöndlunar, X-ray eða álíka sá ég til þess sem landsliðsþjálfari að hesteigandinn léti framkvæma slíka skoðun á sinn kostnað og þegar niðurstaða lægi fyrir yrði gögnum komið í hendur á Dr. Matthías.

Virkaði þetta mjög vel og leystust öll mál farsællega sem upp komu. Aðferðarfræðin sem Dr. Matthías notaði við skoðunina á hestunum þótti með eindæmum fagleg. Þar sem hún var í öllu falli spennulaus gagnvart hrossunum og knöpunum, það duldist engum að þarna var topp fagmaður á ferð. Tóku menn öllum hans ábendingum með jákvæðu hugarfari.

Í fyrri skoðuninni sem tók yfir 3 daga og fór fram að Grænhóli hjá Gunnari og Kristbjörgu voru sérskoðuð á þriðja tug hrossa. Auk þess að lesa út úr X-ray og niðurstöðum þar sem voru gerðar athugasemdir við þegar Dr. M. Rettig var komin til baka til Þýskalands.

Í seinni skoðuninni sem fram fór þegar valið á liðinu lá endanlega fyrir, stuttu fyrir brottförina út, þá var farið í að framkvæma skoðanirnar á 3 stöðum, Horseday höllinni, Sumarliðabæ og Hjarðartúni til hagræðingar fyrir knapana þar sem öll hross stóðust skoðun.

Á mótinu sjálfu var Dr. M. Rettig mættur helgina áður en mótið byrjaði og var staðsettur í okkar búðum allan tímann í 10 daga samfelldt og var vakinn og sofinn yfir velferð hrossanna og þegar atriði komu upp sem hans þurfti við var það leyst af hreinni snilld og öryggi.

Jafnframt mætti hann á mótsstaðnum þegar hrossin þurftu að mæta í sérskoðanirnar. Eins hélt hann utan um alla passa hestanna og fylgdi hestunum eftir með passana þegar hrossin fóru í braut og var ætíð innan handar fyrir hrossin. Að hafa slíkan mann frá upphafi til lokadags er hreinlega ómetanlegt fyrir landsliðið. Maður með slíka yfirburðarþekkingu á velferð hrossa, auk þess að vera kunnugur öllum reglum hvað varðar ísl. hestinn skapaði mikið öryggi hvað má og hvað má ekki fyrir landsliðið í heild sinni í heild sinni. Jafnframt var hann alltaf til taks til ýmissa annara hluta sem féllu ekki beint undir hans verkahring sem sannur liðsmaður einn úr okkar hópi.

Einstakur maður með góða nærveru sem var ómetanlegt fyrir okkur menn og hross.

Útflutningur og ferðalag hrossanna:

Gunnar Arnarson ehf., Kristbjörg Eyvindsdóttir og Þórunn Eyvindsdóttir.

Sáu um alla vinnu í kringum hrossin, varðandi útflutningspappírana með miklum sóma, og tóku á móti okkur með kaffi, bakkelsi og kunnum við þeim miklar þakkir, fyrir faglega vinnu,

hlýjar móttökur þar sem framlög þeirra voru til styrktar landsliðinu, ekki í fyrsta skipti af þeirra hálfu hafi þau miklar þakkir fyrir sitt framlag.



Hey vegna ferðarinnar:

Eins og svo oft áður lagði Vilhjálmur Þórarinnsson, **Villi** í Litlu-Tungu fram ný slegið hey þegar fyrir lá um val liðsins var öllum knöpum boðið uppá heybagga til þess að venja hrossin við fóðurbreytingar hér heima og jafnframt var gefið til fararinnar á þriðja tug bagga sem var tekið á HM, hér er um að ræða 1. flokks frábært hey sem er einstakt að hafa aðgengi að og sá fjöldi bagga sem hann lagði fram hefur verið vel yfir 55 baggar í heildina.

Þetta framlag Villa er ekki í fyrsta skipti til landsliðsins og kunnum við honum miklar þakkir fyrir þetta frábæra framtak.

Skoðun MAST á hestunum:

Skoðunin fór fram í Víðidal í Rvík, þar var jafnframt safnað saman öllum búnaði knapanna.

Fór þar fram skoðun MAST og útgáfu passanna þannig að hrossin væru tilbúin til brottfarar með gild skilríki. Sáu knapar um að koma með sína hesta í skoðunina og jafnframt að koma þeim í flug út á Keflavíkurflugvöll og ganga frá hrossunum um borð. Þar áttum við góðan mann að, Snorra Ólason, starfsmann hjá Icelandair Cargo og hestamann sem var búinn að undirbúa niðurröðun hrossanna í gámana í samráði við landsliðsþjálfara. Þetta einfaldaði alla hluti þannig að allt gekk án allra vandræða.

Á flugvöllinn var mættur góður hópur aðstoðarmanna, sem og fréttamanna að fylgja landsliðshópnum úr hlaði.

Seinni part mánudags var flogið með hrossin, 3 knapar fylgdu hrossunum út, það voru þeir, Árni Björn Pálsson, Jóhanna Snorradóttir og Teitur Árnason.

Snemma á mánudagsmorgni flugu þrír liðsmenn til viðbótar út með Icelandair til Belgíu voru það Elvar Þormarsson, Erlendur Árnason og Sara Sigurbjörnsdóttir.

Fóru þau í að undirbúa komu hrossanna í Belgíu í sóttkvínni og sáu til þess að allt væri tilbúið þegar lent yrði þar sem tekið var á móti mönnum og hrossum.

Flutningur; Móttaka hrossanna í Belgíu.

Inga Möller, sem stýrir þýsku hrossaflutninga fyrirtæki hefur til fjölda HM móta séð um flutninginn á okkar HM hestum þegar út er komið. Hún sá um að taka við hrossunum í Belgíu og flytja þau yfir til Hollands á mótsstaðinn í Oirshchot. Það- gekk allt vel fyrir sig , rúmgóðir og sótthreinsaðir bílarnir sem dýralæknirinn okkar hann Dr. M.Retting fulltrúi okkar á erlendri grundu var búinn að fylgja eftir að stæðist allar okkar kröfur.

Vegalengdin yfir til Hollands var ekki löng en ferðalagið tók lengri tíma en áætlað var. Bílarnir voru lestaðir á þriðjudagsmorgni en það tók langan tíma að tollafgreiða hrossin og voru þar af leiðandi í lengri tíma en áætlað var að komast á mótstað. Ferðalagið tók allt að sex klukkustundum sem er allt of langt.

Restin af knöpunum flugu svo út á þriðjudagsmorgninum og voru að koma á mótsstaðinn um það leiti sem bílarnir með hrossin voru að koma inn á mótsstaðinn.

LIÐIÐ:



Landsliðið í hestaíþróttum 2023 samanstóð af 7 völdum knöpum af liðstjóra og tveimur titilverjendum samtals 9 keppendur.

Þetta voru knaparnir:

Þorgeir og Goðasteinn

Jóhanna Margrét og Bárður

Sara og Flóki

Elvar og Fjalladís

Hans Þór og Jarl

Daniel og Eining

Viðar og Þór

5 af þessum knöpum höfðu aldrei keppt í fullorðins flokki á HM, eingöngu Viðar hafði reynslu á að keppa á HM og Jóhanna Margrét í ungmennaflokki.

Titilverjendur í fullorðinsflokknum voru

Teitur Árnason og Drottning

Benjamín Sandur og Júní

Segja má að þetta lið sé það yngsta og með minnstu keppnisreynslu erlendis sem hefur verið sent á HM, sérstaklega þegar litið er til þess hve mörg þau eru sem aldrei hafa tekið þátt í móti af þessari stærðargráðu.

Þegar upp er staðið er árangurinn mjög góður, 5 gullum var landað af nýliðum allir knapar í landsliðinu komust í úrslit og unnu til verðlauna, sjá nánari niðurstöður upptalningu á árangri knapanna.

Breiddin á liðinu var góð, liðsheildin sterk og samkennd sem var uppálagt í byrjun ferils að standa við bak hvers annars skilaði sér fyllilega.

Þorgeir og Goðasteinn:

Keppti í 5gangsgreinunum. Þorgeir var óheppin í gæðingaskeiðinu þar sem hann stefndi á samanlagðan sigur með þátttöku í þeirri grein, þar sem honum mistókst í öðrum sprettinum. Lá það þar með fyrir að sá titill var runnin honum úr greipum.

Því var ákveðið að hann drægi sig út úr slaktaumatöltinu þar sem það var hliðargrein hjá honum aðeins til stigasöfnunar. Hann myndi einbeita sér að B úrslitunum í 5 gangnum, þar nær hann að sigra og fara inn í A úrslitin en því miður voru nýjir áverkar í munni sem orsökuðu það að hann var dæmdur út úr keppinni.

Jóhanna Margrét og Bárður :

Stílltu upp í 4 gangsgreinar T1 og V1 og jafnframt í samanlagðan sigur út úr þeim greinum. Þær væntingar stóðust vel þar sem hún landaði gulli í T1 og samanlögðum, var óheppin í 4 gangnum missti naumlega sigurinn og endaði í öðru sæti. Stórglæsilegur og eftirminnilegur árangur, glæsilegt þar á velli svo eftir var tekið.

Sara og Flóki:



Tefldu fram í 5gangnum, og fóru léttilega inn í A-úrslitin. Þau þurftu þau að vinna sig upp um nokkur sæti til sigursins í úrslitunum, sem hún hafði áður gert hér heima á Íslandi, þar sem hesturinn er svo sterkur í samanburði og vann hún það með stæl.

Elvar og Fjalladís :



Stóðu langt yfir væntingum og sigruðu glæsilega gæðingaskeiðið.

Þar sem það var fyrsta keppnisgreinin á dagskránni var talað um það þegar hann væri búinn að landa sigri í þeirri grein mætti hann fara að leika sér í hinum greinum þar sem hann hafði ekki áður keppt í. Gerði hann það með eftirminnilegum hætti, landaði sigri í 250 m skeiði og var á veðlaunapalli í 100m skeiði.

Frábær árangur hjá frábæru pari, sem voru sífellt að koma á óvart.

Hans Þór og Jarl:

Náðu sér ekki á strik sem skyldi og voru langt frá sínu besta þó svo að þeir næðu að komast á veðlaunapall. Þeirra árangur var 6 sæti í 250 m skeiði og 4-5 sæti í 100m skeiði.

Daníel og Eining:

Fóru hægt af stað en voru komin í fanta stuð í lokin og lönduðu 2 sæti í 250 m skeiði eftir harða baráttu við liðsfélaga sinn Elvar og Fjalladís og mátti varla á milli sjá og innsigluðu þar með tvöfaldan sigur Íslendinga í þeirri grein.

Í 100m skeiði náði hann í 9 sæti.

Viðar og Þór:

Kepptu í 4 gangs greinum V1 og T1, þeir riðu sig beint inn í A-úrslitin í T1 og V1.

Þeir félagar sýndu frábæra takta inná milli en einhvern veginn vantaði herslumuninn á þegar í úrslitin var komið. Annars ásættanlega útkoma hjá þeim í báðum greinum.

Titilverjendurnir Benjamín Sandur og Júní:

Áttu að keppa í 5gangsgreinum, en þess ber að geta að þetta par var ekki nógu vel tengt þar sem tíminn var svo stuttur síðan að Júní kom til hans. Náði hann að ríða sig inn í B-úrslitin í 5 gangnum. Í kjölfarið á því var ákveðið að einblína á 5 gangs B-úrslitin þar sem þeir höfðu ekki reynslu í öðrum 5 gangsgreinum. Mistök höfðu verið gerð í gæðingaskeiðinu og var því sýnt að möguleikar á samanlögðum sigri var runnin úr greipum þeirra.

Teitur og Drottning:

Sérsvið þeirra var 100 m spíttskeið. Biðin var löng hjá því pari því keppnin var í lok vikunnar. Eftir 1.sprett var Teitur með stórglæsilegan tíma 7.29 sek og taldar væru litlar eða engar líkur að nokkur næði þessum tíma sérstaklega ekki þegar aðeins 5 keppendur voru eftir í seinni umferð keppinnar þar sem öll stóru nöfnin að undanskildum Teiti og Drottningu höfðu þegar lokið keppni, þá skaust öskubuska frá Austurríki fram á sjónarsviðið, Helga Hochstätger á Nóra von Oed, og náði að bæta tíma hans um 2/100 á sek sem var með ólíkindum en stórglæsilegt og var því mikil spennan á seinni ferðinni að reyna að toppa þann árangur sem hann hefði hæglega getað gert en því miður fataðist hryssunni á sprettinum og gerði ógilt, en silfrið lá í okkar höndum, eftir sem áður glæsilegur árangur hjá okkar manni.

Heilt yfir STÓrglæsilegur árangur hjá landsliðinu, og menn að standa /stöðu sína plikt.

Allir knaparnir enduðu í verðlaunasætum og árangur knapanna eftirfarandi.

Gull 5

Silfur 2

Brons 4

Landsliðið á HM:

Til umhugsunar þegar upp er staðið. Heildarútkoman á landsliðinu var glæsileg, það er ekkert fullkomið, alltaf er hægt að bæta og finna einhverjar brotalamir þannig er keppnin.

Landsliðshóparnir voru landi og þjóð til mikils sóma bæði hvað varðaði framkomu og samheldni sem hefur vakið mikla athygli á öllum sviðum jafnt innan sem utanlands svo eftir hefur verið tekið.

Það sem einkenndi þetta lið voru nýjar stjörnur sem voru að springa út. Ný nöfn sem skráðu sig í sögubækurnar, mikil breidd í stórum hópi reiðmanna sem vakið hafa mikla athygli sem sýnir hvað íþróttin er með breiðan hóp einstaklinga í keppninni og sýnir að maður kemur í manns stað.

Þjálfarar og aðstoðarfolk.:



Landsliðsþjálfararnir eru undirritaður Sigurbjörn Bárðarson fyrir A landsliðið, Hekla Katharína Kristinsdóttir fyrir U21, að auki voru ráðnir 2 aukabjálfarar þegar liðið lá fyrir og ferðin hafin á HM.

Það voru þeir Sigurður Vignir Matthíasson og Þórarinn Eymundsson, allir þessir 4 aðilar voru mjög samheldnir í allri vinnu varðandi landsliðin og unnið markvisst þegar út var komið.

Bæði Tóti og Siggí margfaldir heimsmeistarar og frábærir félagar, með góða næveru við allt keppnisfólkið uppfyllir af lausnarmiðuðum lausnum.

Samstarf milli þálfaranna Sigurbjörns Bárðarsonar og Heklu Katharínu Kristinsdóttur.

Allt frá byrjun ársins 2023 voru við í nánú samstarfi sem byggðist uppá gagnkvæmu trausti.

Hekla er mjög metnaðarfull og ákveðin, með sterka og skýra mynd hvar hennar markmið liggja og var virkilega ánægjulegt að koma að samstarfi með henni með U21 hópinn, og má segja að okkar samstarf hafi einkenst af samstilltu átaki, markvissri þjálfun sem skilaði af sér árangri.

Störfuðum við allt árið saman fram á loka stundu á HM. Var það samstarf til fyrirmyndar bæði hvað varðaði:

Markmiðssetningu, léttleika og þar sem samstarfi okkar var unnið af heiðarleika og án allra þvingana.

Henni fórst þetta verk vel úr hendi eins og árangurinn segir til um Hekla er framtíðarmanneska á þessu sviði.



Þegar upp er staðið einkenndist þetta mót af góðum mórál, frábæru samstarfi með knöpunum og öllum þeim sem komu til verksins af metnaði og skilningi. Heita má að alla daga vikunnar voru vinnustundir frá 6 á morgnanna til langt gengin í 11 /23 á kvöldin.

Hinrik Sigurðsson kom sem starfsmaður frá skrifstofunni LH. Sá frábærlega t.d. um öll okkar samskipti við staðarhaldara, senda og skila af sér, allar breytingar á liðinu, var okkar tengiliður við mótshaldara, og setti upp tímaplön vegna þjálfunar á staðnum og var liðtækur hér heima á Íslandi við myndun og umgjörð liðsins. Skilaði hann sinni vinnu frábærlega traustur og ábyggilegur og þar sem ekkert fór fram hjá honum.

Járningarmaður:

Erlendur Árnason, á Skíðbakka var valinn enn á ný sem járningarmaður fyrir landsliðið, Jafnframt gegndi hann störfum þar sem hans starfskraftar komu að góðum notum við ýmis verk innan landsliðsins og sannaði hann virkilega gildi sitt þegar upp kom óhapp þegar hestur Herdísar hann Kvarði misti stóran hluta hófs á æfingu. Fengið var leyfi til þess að járna hestinn upp þar sem þurfti að framkvæma mikla steypuvinnu en Elli leysti það verkefni með yfirdómara standandi yfir sér svo allt væri gert samkvæmt settum reglum var sú vinna svo faglega leyst af hendi að hestur og knapi lönduðu heimsmeistaratitli.

Elli er enn einn góður hlekkur í keðjunni, valinn maður í hverju rúmi.

Landsliðsnefndin með Kristinn og Stefán Loga í fararbroddi ásamt Drífu Dan sáu um að aldrei skorti neinar nauðsynjar í keppnistjaldinu sem var staðsett inná mótssvæðinu, ekki inni á

hesthúsasvæðinu, þar var rúmgott og búið að koma fyrir: öllu matarkyns, drykkir, ávextir, stólar, borð, ísskápar, þar sem fólk, knapar og aðstoðarmenn, gátu sest niður í góðu umhverfi og slakað á milli atriða.

Berglind framkvæmdastjórinn okkar og Jónína Sif kynningarfulltrúi LH voru alltaf til reiðu og studdu við bakið á okkur ef eitthvað kom uppá sem þurfti að leysa.

Það var sama hvar var borið niður, valinn maður í hverju rúmi og séð fyrir öllu.

Glæsilegur fatapakki, æfingagalli, bolir og fatnaðurinn sem var notaður í móttökur þetta var hreint til fyrirmyndar og mátti glögglega sjá fingraför Drífu Dan á fatavalinu.



Hesthúsið og aðstaðan

Hesthúsin voru aðskilin frá öðru umhverfi með mannhæðar hárri girðingu allt um kring sem klædd var með segldúk þannig að svæðið var algjörlega aðskilið frá öðrum þátttakendum. Inná hesthússvæðinu voru heybirgðirnar, fóður og bætiefni, spænerinn, rennandi vatn og öll aðstaða eins og best var á kosið.



Hesthúsin voru ný með mjög góðri loftun á efri hlutanum, þannig að loft átti greiðan aðgang um stúrnar, og er þetta með allra bestu hesthúsalausnum sem hefur verið boðið uppá á mótum sem þessum hingað til.

Hitistigið úti héltst með hinu besta móti ca 20-24 stig og gerði það veru hesta og knapa mjög svo bærilega þar sem hitamunurinn á milli landanna var ekki svo ýkja mikill.

Hestarnir aðlöguðust nýjum aðstæðum mjög vel, aðgengi inn að hesthúsunum var með þrengingum og hliði, þar sem vaktskúr var settur og var hesthúsið vaktað allan sólarhringinn af starfsmönnum mótsins.

Var þetta til mikillar fyrirmyndar og sýndi hve mikils virði er fyrir okkur að hafa slíka aðstöðu og frið þar sem hrossin hafa sinn samastað.

Undirbúningur þjálfara á mótsstað:

Strax og hestarnir voru komnir á staðinn fylgdi með greinargóð lýsing á þjálfunarferli þangað til þjálfararnir mættu á svæðið sem var tveimur dögum eftir að knapar og hestar voru lent á svæðinu, þ.e.a.s. á fimmtudagseftirmiðdegi. Strax þá var fundur með liðinu og skipulögð æfingaprógrömm sett upp fyrir landsliðið og nutum við góðs af því að vera fyrst þjóðanna á svæðið með okkar hesta og höfðum því góðan tíma að koma okkur fyrir áður en að önnur lið komu á svæðið, við græddum nokkra daga þar.



Alla daga þar til mótið var hafðið voru fundir haldnir á hverjum degi og áherslur settar upp fyrir næsta dag, gekk þetta mjög vel og þurftu þjálfarar að taka vel utan um hópin strax í byrjun með markvissum vinnuaðferðum, enda stærsti hluti knapanna ekki með neina reynslu að keppa erlendis (eins og áður hefur komið fram).

Spennustig knapanna breytist við slíkt álag. Og kom í ljós að jafnvel reynslumiklir knapar þurfa sterkt utanum hald og leiðandi aðstoð við ákvarðanatökur, bæði við aðferðir, þjálfunartíma, hvað og hversu mikið má leggja að hrossunum án þess að tapa ex -faktorum.

Allt gekk þetta vel fyrir sig.

Fulltrúi landsliðsknapanna.

Að hálfu knapanna var kosið um fulltrúa þeirra. Fyrir valinu varð **Teitur Árnason**, sem innti því starfi vel af hendi. Bar hann ábyrgð á að deila út verkefnum á milli knapanna t.d. gjafatímum, þrífnaði og allri umgengni í hesthúsunum jafnframt að skila búðunum að móti loknu í sama ástandi og við fengum búðirnar.

Teitur þurfti að sjálfsögðu að hafa aga á sínu liði, skipuleggja utanumhald, sem þarf að vera nákvæmt og gott án þess að vera íþyngjandi. Jafnframt var Teitur fulltrúi knapanna gagnvart þjálfurunum ef upp kæmi **óánægjumál**.

Með þessum hætti var skilvirkt vinnuferli sem létti á þjálfurunum ef upp komu mál sem hann leysti og þurftu ekki að rata til okkar þjálfaranna.

Keppnin hefst, dagskrá:

Þegar keppnin hófst og dagskrá lá fyrir kom í ljós að tímaplön myndu raskast hjá okkur og þá sérstaklega fastir fundir sem við byrjuðum með. Þeir rúmuðust ekki inni í dagskránni. Í lok hvers dags var orðið svo áliðið að kveldi og var ljóst að bæði knapar og þjálfarar höfðu ekki tíma til að hittast þar sem nógu erfitt var fyrir liðið að verða sér út um mat og koma sér á hótelið þar sem klukkan oft á tíðum orðin langt gengin í 11/23 að kveldi. Á þeim tíma vour allir orðnir dauðþreyttir og margir hverjir ekki búnir að snæða neina máltíð allan daginn (en ekki má þó gleyma að í tjaldinu okkar voru ávextir og samlokubrauð til staðar sem hægt var að grípa í og kom það sér mjög vel).

Þegar við sáum að fundartími okkar var dottinn út og erfitt var að finna annan tíma fyrir hópinn um miðjan daginn vegna ýmissa dagskráliða.

Tókum við þjálfararnir á það ráð að mæta í hesthúsið hjá knöpunum og hitta þá þar og fara yfir málin og stilla upp prógrömmum fyrir dagana. Gekk það vel eftir en eftir sem áður saknaði maður föstu fundanna sem áður hafði verið komið á eins og í Berlín 2019 en þarna réð dagskráin ríkjum.

Kosning á fulltrúa knapa á mótinu

Myndað er fulltrúaráð sem samanstendur af mótstjóra, yfirdómara og fulltrúa knapa sem fer með og hefur aðkomu að öllum kærumálum sem upp koma meðan mótið fer fram.

Í þessu tilfelli var ákveðið að Teitur færi í þessa kosningu en þegar betur var að gáð höfðu Danirnir ákveðið að bjóða Júliu Christiansen fram sem hafði áður gegnt þessu starfi farsællega og var því ákveðið að draga nafn Teits út úr kosningunni og styðja hennar framboð sem gekk eftir. Þess má geta að oftast höfum við Íslendingar gengt þessu starfi.

Dómstörf:

Dómarar voru stundum brokkgengir í talnagjöfnni og gætti oft mikils missamræmis, en þegar heilt er litið yfir voru ekki áhöld um sigurvegarana.

Fótaskoðun og ástandsskoðun fór fram eftir hverja keppni sem hver knapi þurfti að fara í gegnum og var nokkuð ítarleg þar sem hesturinn var skoðaður mjög vel og í byrjun móts var mikilli nákvæmni og smámunarsemi höfð að leiðarljósi sem mildaðist þegar leið á mótið.

Þegar úrslit lágu fyrir eftir hverja grein var farið með hvern hest í gegnum stranga skoðun urðu sumir frá að hverfa vegna áverka sem ekki stóðust heilsbrigðisskoðunina. Samt virtist gæta sanngirni að hálfu skoðunarmanna hvað það varðaði og var enginn dæmdur frá nema að vel ígrunduðu máli.

Vellir.

Í aðdraganda mótsins ringdi mikið, og var svæðið mjög blautt og sumsstaðar mjög torvelt yfirferðar.

Þegar leið að mótinu birti til og þornaði fljótt. Vellirnir bæði keppnis- og upphitunarvellirnir héldu sér vel.



Ljóður var á , þar sem hesturinn þarf að vera kominn inní collect-hring sem var þröngur og lítill og mjög blautur, bæði voru pollar og drulla á honum til kantanna, og þótti hann ekki boðlegur til upphitunar.

Undirritaður fór á fund mótsstjóra og yfirdómara og tjáði þeim að við þessar aðstæður yrði ekki unað og kom með tillögu að því að hinn svokallaði collect-hringur þar sem hesturinn þarf að vera kominn inní 3 mínútum áður en farið yrði í braut, hann væri færður inná upphitunarhringvöllinn sem var í raun og veru eitt af útreiðarsvæðunum þar sem knapar gátu þjálfað sína hesta á, þó þeir væru ekki að keppa ,og boðið væri uppá að vellinum yrðu skipt niður til helminga og notaður sem collect hringur til að leysa þetta vandamál.



Með ólíkindum tókst að sannfæra mótshaldara og yfirdómara að breyta skipaninni frá því sem var. Skipti þetta sköpum fyrir knapana og leystist þetta á farsælan hátt og allir undu vel við niðurstöðuna.

Ýmis önnur mál varðandi aðstæður komu inn á borð undirritaðs frá knöpum, sem var borið undir mótsstjórn og yfirdómara sem voru leyst farsællega af hendi, þannig að samvinna var góð milli „teamleaders“ þjálfara og mótsstjórnar.

Verðlaunaafhendingar:

Brugðið var á þá nýjung að veita verðlaun í skeiðgreinunum inni á markaðstorginu eftir að dagskrá mótsins lauk , mættu knapar þar inná markaðstorgið án hesta þar sem fánar voru dregnir að húni og þjóðsöngur spilaður þarna innan um fjölda fólks. Mæltist þetta ekki vel

fyrir að hálfu knapanna þar sem augnablik sigursins var farið að fjarlægjast og þar að auki var hesturinn ekki með á staðnum, þetta er fyrrkomulag sem er ekki framkvæmt á réttum vettvangi þar sem bæði er ölvun viðloðandi og virðuleikinn farinn af athöfninni.



Þessu þarf að breyta til fyrra horfs.

Allt önnur aðferð var höfð við í verðlaunaafhendingu hringvallargreinanna, þar sem hún fór fram á hringvellingnum í kjölfar þess að úrslitin lágu fyrir.

Sigurstundinni hampað á réttu augnablik, með áhorfendum strax í kjölfarið þegar úrslitin voru kunngjörð.

Tékklisti:

Eftir mót þarf að gera lista ar sem fram koma atrið hvað varðar landsliðið á HM t.d.

Útflutningur á mat.

Ferðalag.

Móttökuaðilar.

Skoðanir, o.fl.

HJÁLMAÐIRNIR SÉU KOMNIR UM LEIÐ OG HROSSIN Á STAÐINN

Varningur t.d. rafmagnsgirðingar og stöð, ýmis búnaður, fötur og daller.

Hvar fyrri búnaður er vistaður erlendis sem landsliðið á hver er sá aðili sem ábyrgist það.

Og hver er búnaðurinn?

Og ótal önnur atriði sem væri rétt að hafa listað upp til að ganga að skýru verklagi hvað varðar slíkt umfang og sé aðgengilegt í tölvutæku formi.

Til umhugsunar hlutir sem betur mættu fara:

Kynningin á liðinu var allt of snemma sett á, vika var í lokaskráningu á liðinu að auki lágu ekki fyrir úrslit móta eins og þýska meistaramótið og mót fleiri landa í þeirri sömu viku þannig að niðurstöður úr þeim mótum sem þjálfari þarf að bíða eftir vegna þeirra knapa sem eru að keppa á þeim vettvangi og niðurstaða út úr þeim mótum lá ekki fyrir fyrr en í þessari sömu viku.

Sjá til þess að fleiri mæti þegar liðið er kynnt.

Móttökur á liðinu við heimkomuna (blóm, ráðamenn úti á flugvelli).

Knokkur, heitur matur í knapatjaldi á hverjum degi.

Greiða götu fjölmiðlafólksins okkar á mótstaðnum t.d. hvað varðar staðsetningu við keppnisvöll, varðandi viðtöl og fleira.
Betri kynningu, á starfi okkar við fjölmiðla
Meiri eftirfylgni
Kynna betur umfangið og stærð viðburðarins.

Lokaorð:

Undanfarin sex ár hefur verið mjög sterk og markviss stefna varðandi hestaíþróttina, aðlögunartími gefinn fyrir knapa til að átta sig á nýju umhverfi.
Og ekki má gleyma að þar á undan var landsliðsstarfið í örri framþróun.

Það utanumhald í dag, sem lagt hefur verið upp með á öllum sviðum hvar sem á er litið t.d. flokkaskiptingum, hæfileikamótun, U21, A-landslið, fræðslu, námskeiðahaldi, fagfólki á öllum sviðum í greininni, umgjörð, **þrepaskiptri** uppbyggingu á afreksstefnu og verkaskipting þeirra sem koma að

t.d. frábær landsliðsnefnd undir dyggri forystu Kristins Skúlasonar formanns, topp fólki sem starfar á skrifstofunni og yfirstjórn samtakanna hafa gert þessa útkomu á frábærum árangri.

Valinn maður í hverri stöðu.

Má þó segja að ýmsar torfærur hafa orðið á vegi okkar sem við höfum þurft að fara í gegnum sem eru misskemmaðlegar en hafa miðast að því að breyta hugarfari fólks til íþróttarinnar og aðlaga sig að henni.

Rétt hugarfar er sannarlega að festa sig í sessi og þeir sem hafa haft aðra trú á málunum/stefnunni eru farnir að átta sig á að vera okkar innan ÍSÍ. er sú stefna sem þar hefur verið mótuð er það sem koma skal hjá okkur.

Yngra fólkið okkar er ný kynslóð sem tekur við keflinu enda hefur hún mótast í því umhverfi sem við erum að tileinka okkur.

Segja má að við stöndum á ákveðnum tímamótum, komin í gegnum erfiðasta hjallan. Nú tekur við næsti áfangi þ.e.a.s. standa í lappirnar og kvika hvergi frá því grettistaki sem við höfum lyft og búa svo í haginns fyrir komandi kynslóð að hún taki við góðu búi þar sem hlutirnir eru í föstu formi og íþróttin komin til jafns við aðrar íþróttir innan ÍSÍ.

Þannig gengum við frá HM 2023. Þar voru hlutirnir að skila sér, við uppskárur eins og við sáðum, frábær liðsheild, markviss og vönduð vinnubrög og frábærir knapar.

Þar liggja gildin í okkar stefnu.



Besti árangur sem náðst hefur á HM í hestaíþróttum frá upphafi .

Til hamingju og kærar þakkir til allra sem að verkefninu hafa komið.

Virðingarfyllt,
Sigurbjörn Bárðarson, a-landsliðsþjálfari í hestaíþróttum.